

Í landi hinna ófleygu fugla

Guttesen

Afturgöngur, 1995

Skuggaljód, 1998

Ígull, 2003

Mótmæli með þátttöku, 2004

Litbrigðamygla, 2005

Glæpaljód, 2007

Vegurinn um Dimmuheiði, 2012

Í landi hinna ófleygu fugla, 2014

Í landi hinna
ófleygu fugla

Guttesen



DEUS
REYKJAVÍK 2014

Í landi hinna ófleygu fugla

©Kristian Guttesen 2014

Kápa og hönnun: Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Umbrot: Ekkó

Handritið var lokaverkefni á meistarastigi í ritlist við HÍ

Leiðbeinandi: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Prentun: Leturprent

Printed in Iceland

DEUS • REYKJAVÍK • 2014



Hugtakið Copyleft á rætur sínar að rekja til forritunar á opnum kóða, þar sem hver sá sem notfærir sér kóða eftir annan skuldbindur sig til að gefa út sína eigin útfærslu (endurgjaldslaut) sem opinn kóða, þ.e.a.s. gerir nýja kóðann aðgengilegan fyrir aðra (á netinu).

Hafir þú eignast þessa bók með löglegum hætti er þér frjálst að vitna í texta bókarinnar rafrænt, dreifa á netinu eða prenta til eigin nota, svo lengi sem tilvitnanirnar notist ekki í ábataskyni. Ef þú prentar, þá taka samningar Fjölís um endurgjald fyrir ljósritun tafarlaust gildi. Vitnir þú í bókina - og beittir sköpun - þá skuldbindur þú þig til þess að gefa út eigin verk frjálst til tilvitnunar, samkvæmt skilmálum Copyleft. Vitnir þú í þessa bók, þá bætist meðfylgjandi texti við hið rafræna skjal: „Tilvitnun samkvæmt skilmálum Copyleft. Verk: Guttesen, *Í landi hinna ófleygu fugla*.”

Útgefandi: Deus. Útgáfuár: 2014. Notist ekki í ábataskyni og prentist aðeins út á pappír samkvæmt samningum Fjölís um endurgjald fyrir ljósritun úr vernduðum verkum. Tilvitnun eftir [nafn þess er vitnar í textann].“

Gefin út í Reykjavík, Bókmenntaborg UNESCO

ISBN 978-9979-9823-2-6

ef einhver gerðist
svo djarfur
að skrifa hina
raunverulegu mannkynssögu
þá rúmaðist hún öll
í orði eins og

„ást“

- Sveinn Snorri Sveinsson

Til Siggv

1. ΚΑΦΛΙ

1Α

Landslagið

Þú ert eldmerki, ég er loftmerki.
Þó að okkur ætti að lynda betur
við vatnsmerki og jarðarmerki, þá
eigum við eitthvað saman að selda

í landi hinna ófleygu fugla.

*

Undarlegt er landslagið. Það eru augu
djöfulsins, komin að draga mig á land.

*

Sól í hjarta. Vor í myrkri.

Mætast hugir tveir.

Úr fylgsnum fortíðar þyrlast óminnið
upp,

það er alkóhól – hið sanna alkól.

Lestarferðir

Mig dreymir sífellt lestarferðir í Bretlandi,
þar sem sumrin eru löng, en veturnir snjólausir
og blautir. Ég sé sjálfa mig unga með
ferðaveski innanklæða, á leiðinni í viðtal.

Gróðurinn þekur allt, jafnvel byggðirnar í
stórborginni. Ég reyki ekki að staðaldri, en
kveiki mér stundum í Berkeley Menthol til að
slá á kvíðann sem fylgir því að vera undir

eftirliti. Ég er á leiðinni í viðtal, til þess að leika eigin persónu og hverfa burt. Alltaf er viðbúið að maður hrökkvi við þegar lestarþjónninn vekur mann af þykjustusvefni.

Mig dreymir sífellt lestarferðir í Bretlandi. Stúlku eins og mér er tamt að drekka úr litlu glasi, sýna engin veikleikamerki þegar eðluheilinn tekur óvænt völdin og mér sortnar fyrir augum.

Nýr dagur

Vor í hjarta, vetrarmynd.
Nýr dagur rennur alltaf upp þegar
höfuð hnígur.

*

Í nótt sef ég einn. Ég sef alltaf einn.
Ég er loftmaður, ég er
loftfímleikamaður.

*

Við höfum verið saman áður, en þú
manst ekki eftir því.

Hungurstelpa, úlfshjarta.

Saman höfum við upplifað þennan
draum.

Déjà vu er bara geðkvilli.

Ég spurði þig hvort ég væri galinn.
Kannski, svaraðir þú, en fallega
klikkaður.

Núna

Ég skóp tilgang. Þetta snýst allt um jafnvægi.

Þú sagðir mér leyndarmál. Og horfðir á guðlega veru.

Við drukkum dreggjarnar úr morgninum.

Þú

segist svo vön að ganga fram af sjálfri þér.

Þú vilt vera andagiftin mín, það er galdurinn.

Þá get ég ekki horft á neina aðra. Núna glottirðu.

Ég geng aldrei fram af þér.

Draumur

Þú breytist. Takmarkanir verða möguleikar
og möguleikar verða takmarkanir. Klifuninni
er ætlað að segja eitthvað
sem ekki er hægt að segja, þú breytist.

Þú hverfur. Andartaki áður en sólin kemur upp
er eins og allt hafi verið skapað fyrir tilviljun.

Þú snýrð aftur.

Núna sefur fólkið úr þorpinu mínu.

*

Í vatninu komstu nær. Sólin kom upp
á bak við okkur þannig að skuggi myndaðist
í gufustróknum sem stóð upp úr jarðveginum.
Þú nuddaðir axlirnar á mér og ég lygndi aftur
augunum.

Utan úr myrkrinu heyrir hjartsláttur draums.
Enginn heyrir hann nema við.

*

Andartaki áður en sólin kemur upp
er eins og allt hafi verið sagt áður.

Fellur hugur, fallast hendur I

Að elska

samviskubit	jörðina	mína	að	orðið
tár	ég	mig	taka	píka
falla	kalla	langaði	kynlífið	hafa
á	píkuna	til	með	mök

Orð

Alltaf þegar ég tala, þá finnst þér
ég vera að yrkja. Þú hefur sagt það
með augunum.

Við notum saklaus orð. Það hafa
margir draugar dvalið hér.

Þegar ég hugsa um eilífðina,
þá heyri ég rödd einhvers æðra.

*

Við sátum í myrkrinu og ég reyndi
að komast að því hvar línan lægi.

Röddin sagði mér að bíða í fimm
mánuði.

Í leikritum þrá allar persónur eitthvað.

Hreinsun

eða álagadans

Dú vilt að ég hreinsi þig af syndunum,
að ég hleypi þér inn. Ég veit að
ég gæti það. Óska þess að syndir
þínar hreinsi mig af syndum mínum.

Allt er reynsla, allt er snerting.

*

Við höfum þekkt í þúsund ár.
Höfuð þitt tilheyrir rödd minni,
hendur mínar þínum augum.

Andi I

Ferðalag hugans er hafið.

Ég leyfi þér að gefa mér kaffi
heima hjá þér, þannig getur þú
blandað stóískri mixtúru út í
drykkinn. Það er kaffíást.

*

Í kringum árið nítjándruð
nítúu og fjögur fór eitthvað úr þér
inn í mig. Ég er ekki enn búinn
að skila því.

Þú spyrð hvað það hafi verið. Ég
segi þér að það hafi verið andi.

Næst segir þú: Allt í lagi,

ljúfurinn, þú þarft ekki að skila
honum.

*

Í svona rými gerum við játningar.

Að treysta er eins og að leggjast
í brothætta skel,

en við það verður strengurinn
milli okkar varanlegur.

Ferðalag hugans.

Þú hefur sagst munu bíða í þúsund
sumur.

Það er traust.

Í landi hinna ófleygu fugla

Í landi hinna ófleygu fugla býr vatnastelpan.

Þar býr félagi minn, sem ekki lengur dregur andann.

Í landi hinna ófleygu fugla hvílir hin ígrundaða reynsla.

Ég þarf sjálfur að hafa mig allan við til að gleyma ekki að anda. Í landi minninganna er eilíft myrkur.

Alheimurinn þenst út, hin lifaða reynsla boðar alkul.

Það eina sem dregur hann saman og bindur okkur traustum böndum er ást.

Rökkurdís

Vektu mig með kossi.

Farðu varlega með hjartað í þér.

Þiggðu

mótsagnirnar, umfaðmaðu þær.

*

Ástin er ekki að öðlast skilning.
Galdrar eru einfaldir. Það þarf
ekkert að fá botn í náttúruna.
Það þarf bara að skynja hana.

Hjartað sér dýpra en augun.

*

Vektu mig með kossi.

Vertu sólin sem þerrar dökkina af mér.

Vertu sólin sem þerrar dökkina af mér.

Vertu sólin sem þerrar dökkina af mér.

Vertu konan, vatnagýða sem dvelur með mér innra.

Rökkurdís.

Við göngum sem leið liggur út með sjónum. Hvílum okkur í kvöldgolunni. Kyssumst undir rauðum himni.

Tímamynd.

Frelsi er að vitja framtíðarinnar. Vektu mig.

Án orða

Þú vilt vita meira.

Segist ósátt við að ég verði kannski aldrei þinn.

Sjáðu mig, sjáðu mig núna.

Þú yrkir ljóð um efann, um hræðsluna.

Ég þekki hvorttveggja, hef lifað bæði. Við tölum um að lifa þá dygð sem við ástundum, að kenna

þá hugsun sem við lifum. Að gera hlutina rétt.

Ég er í þér.

*

Þú spyrð mig hvert ég vilji fara með þér. En þú spyrð mig án orða, með þögninni einni saman.

Vilt að ég viti að þú sért erfið. Við endurómum hvort annað. Þú getur ekki útskýrt þessa þögn.

Áður en ég kom til sögunnar var þoka yfir öllu. Út úr þessari þoku braust ég. Undarlegt

er að sjá allt skýrt. Að líta upp og berja augum í fyrsta sinn það sem maður hefur alla tíð þekkt.

Óreiða

Ást.

Að dvelja í náttúrunni. Allt tengist.

Þú segist hugsa til mín í gegnum óreiðu

huga

þíns.

Ef þú mætir mér með þögninni heima

verð ég

ráðalaus, en þögnin í náttúrunni er

himnesk.

Við vitum að við höfum óskað okkur

þessa.

Allt.

Lífið er það sem það er. Við leyfum Guði
að leiða okkur í sannleikann.

Nóttin felur huga þinn myrkrinu.

Elsku þú.

Ég brýst í gegn eins og alltaf.

Fellur hugur, fallast hendur II

Að skoða sjálfa sig

ákveðin	getur	hreyfingin	að	orðið
trúarbrögð	líka	áfengis	afhverju	djöfull
þannig	að	meðferð	mér	líður
þú	ég	yrði	óvirkur	illa

Áðan I

Ég á hvergi heima.

Dú ert í mér. Meðan dauðinn vofir yfir
mér
hvern dag. Allt snýst um tíma. Um von.

Áðan sagði félagi minn að líklega snjóaði
ekki
meira þetta vorið. Við vitum betur.

Vatnadís.

Fönnin felur ekki sporin er geng ég til
þín.

Kaffiást

Það er engin nútíð eða þátíð. Ekki lengur.

Þú býður mér heitt á könnunni, heitt
hjarta
og hlýjan faðm.

Í fyrramálið, segir þú. Fellur hugur,
fallast hendur.

Allt breytist.

Nú er veröldin sundruð. Ég er týndur.

*

Þú spyrð mig hvernig mér líði í hjartanu.

Við svörum einungis í fimm orðum.

Ég sýni þér hvernig kveðja myndi
hljóma.

Ég veit að það skýtur þér skelk í bringu.

Það er ekki vopn, heldur mun
frekar ósjálfráð viðbrögð. Það er engin
nútíð eða þátíð.

Þú segist skilja mig. Vildir óska þess
að allt væri auðveldara, ég lægi hjá þér
og okkur fyndist tíminn ekki vera til.

Ég í þér, þú í mér.

Opinberun

Áðan spurði félagi minn hvort ég leitaði sannleikans.

Honum er í mun að ég finni ró.

Þú segist ætla að fá að sofa á þessu öllu.

Ég velti því fyrir mér hvort ekki sé til sönn opinberun í ást.

Þú segir að sama hversu oft ég líti þig
augum
muni ég aldrei kynnast þér, því í hvert
skipti sem ég horfi á þig hafir þú breyst.

Ég skil ekki hvað þú átt við með þessu.

Þá er mér sagt að þetta sé allt í
Matteusi
tuttugu og átta.

Mér er sagt að gefa það áfram sem ég
hef öðlast.

En ekki af þér. Allt tengist.

Lagið

Þú kallar mig sætan kjána – það er
hamingja.

Ef ég leyfi þér að vera bara þú
þá þakkarðu mér fyrir.

Ég lygni aftur augunum og hlusta
á lagið.

Heyri strengjaspil og halelúja.

En hvaðan kemur þessi ýtni – hvers
vegna bið ég alltaf um meira
og meira.

Það er í mér einhver danskur blús.

Veröldin hverfur inn í sjálfa sig
þegar ég horfi á þig.

Fellur hugur, fallast hendur III

Að hafa hugrekki

athyglisvert	fantasía
viðurkenna	deyja
klisja	samband
hugsa	þetta
kannski	ekki
viltu	tala

Er þú ferð

eftir Edwin Morgan

Er þú ferð,
ef þú ferð
og ef mig skyldi þá langa til að deyja,
er engin betri minning að orna mér við
en sú stund
þegar þú sofnaðir í faðmlagi mínu
af svo blíðu trausti
að ég hugðist láta myrkvað herbergið svolgra
kvöldið í sig, þar til þú yrðir
úthvöld, eða létt rigningin
vekti þig varlega.
Ég spurði þig hvort þú hefðir heyrt regnið í
draumnum og þú svaraðir mér enn í
svefnrofunum og sagðir aðeins þetta:
Ég elska þig.

2. ΚΑΦΛΙ

2Α

Tunglspá I

Vinkona þín segir mig vitfirrtan.
Hún hefur nokkuð til síns máls.

Allt er fullkomið akkúrat núna,
segir þú.

Ástarjátningar eru úti um allt.

Á slíkum stundum, handan við
myrkrið og snjóinn,
er veröldin óendanlega stór.

Tunglsjúkur.

Ég vil hvergi annars staðar vera
en á þessum stað.

Tunglspá II

Vindurinn flytur mér
fregnir af liðnu vori.

Ég sýti ekki vagnspor tímans,
allrar augnablikshamingju.

Þú sýnir mér að upp frá
þessu verður dagurinn í dag
sá eini sem máli skiptir.

Kona

Svartur snjór.

Eins og blettir á huga þínum.

Það er ástand sem speglar mín
viðkvæmu augnablik.

Sem kona tilheyrir þú síðara kyninu,
en ofan á það ætti engin
að þurfa að vera hin konan.

Það skiptir máli að gera hlutina rétt.

Þú segist vilja vera ein, en hefur líka
sagst vilja hafa mig hjá þér. Að ég sé
allt sem þú hafir ómeðvitað alltaf þráð.

Ég ætti að geta skilið það sem ég
hef sjálfur gengið í gegnum.

Ein vinkona mín segir að nóttin fari
svona
með mennina
lengst inn í myrkrið.

Að hún skili þeim aldrei aftur
heldur skilji örlítinn hluta eftir
af sjálfri sér
sem fylgir þeim leiðina á enda.

Ég held að hún sé að vísa í ástina.
Við vöðum í gegnum djúpan snjó.
Og ég reyni að hafa hugfast:

Ef ég vænti einskis, þá fæ ég allt.

Guð

Bæn og hugleiðsla.

Þú

sýnir mér bæn sem þú ferð með
og við reynum að skilja hana
í sameiningu.

Við þökkum himnaföðurnum fyrir
að hafa hugsað um okkur meðan
hann var ekki í huga okkar.

Guð er kærleikur.

Við fikrum okkur út á þverhnípta
bjargbrún tómarúmsins.

Tökum stökkið.

Saman.

Fellur hugur, fallast hendur IV

Að riða dauðum manni

við	getum	ekki	sársauki	vera	falleg
ég	elska	lengur	anda	undrun	tilfinning

Kona

Ég er staddur á Rauðarástígnum.

Er kominn aftur í eldhúsið á Amager.

Langt frá fjölskyldunni,
veturinn sem ég ætlaði að skilja
og orti um það ljóð.

Janúarkuldinn í Kaupmannahöfn
svo mikill að hann virtist koma
innan frá.

Veturinn þegar allt fraus sem frosið
gat nema dauðinn í andardrættinum.

Hlý eru augu þín, en mér fjarri.

Tíminn hverfur

Fyrir nóttina.

Dú ferð með mig til upphafs
tilverunnar og sköpunar
náttúrulögmálanna.

Kyssir mig heitum vörum. Á þeirri
stundu, meðan heimurinn
hverfur, hefur allt tilgang.

Andartaksþögn.

Og þá fæ ég að upplifa...

Dögg

Rigningin komin aftur eins og minning.

Þegar líkami þinn vöknar af döggi
 himinsins og hárin verða sem
arnarfjaðrir og neglurnar sem
fuglsklær

snerti ég þig með þessum fingrum, leik
ég við þig með þessum tungubroddi.

*

Þú kemur alltaf aftur. Augu þín glitra
eins og augu í ketti. Þannig get ég vitað
hvað þú vilt.

*

Í skímunni frá tunglsljósinu dregurðu
mig
nær.

Engin rennir fingrunum gegnum hárið í
 hnakkanum á mér unaðslegar
en þú. Þá ertu að heita á fallega
fram tíð.

Þegar döggin hefur þornað á líkamanum
leggst ég aftur meðan þú vætir mig.

Maðurinn með amorshjartað

Maðurinn með amorshjartað var sestur inn á kaffihúsið. Hann sat og teiknaði fólkíð á staðnum, fangaði stemmninguna. Bæði gat hann teiknað með kaffi og tei, á undirskálarnar og á blað, sem og með penna, bleki og vatnslitum. Úr brúnu litunum gat hann eimað ást úr kaffinu. Kaffiást. Maðurinn með amorshjartað gaf stundum stúlkunum sem þjónuðu til borðs myndir sem hann hafði teiknað af þeim. Það féll í góðan jarðveg. Þær voru sólgnar í list. Á yngri árum hafði hann ort ljóð og eitt sinn gefið út kver. Þá höfðu stúlkur í partíum sagt við hann undir áhrifum að þær treystu mönnum sem gæfu út bækur. Hann hafði ekki ort fleiri bækur, heldur snúið sér að myndlist. Þegar maðurinn með amorshjartað gaf seinna út bækur með skissum frá kaffihúsum komst hann hins vegar að því að slíkar bækur vöktu ekki sama traust

hjá hinu kyninu og fagurbókmenntirnar gerðu. Ekki sökum þess að myndir hans væru ekki list. Stúlkurnar þráðu annars konar list. Seinna hitti hann konu á sínu reki sem sagði honum að myndirnar hans töluðu til sín.

Þau nutu ásta og hófu að reka saman sjálfbært bú. Þegar hún sönglaði meðan þau tóku upp kartöflurnar hríslaðist um hann unaður og honum fannst heimurinn sterklega reistur upp á rönd. Eins og stopulleiki jarðar væri stöðugleiki tilhugalífsins. Reyndar var það svo að þegar hörmungarnar dundu yfir skyggðu engar ytri aðstæður á hamingju þeirra, heldur óx illkynja æxli frá berkjuþekjuvef innan í honum og dró hann út að endimörkum. Hann hafði þetta af, en gekk í gegnum langa og erfiða meðferð. Maðurinn með amorshjartað og kona hans

þjuggu enn í koti sínu, líkt og þar sem ennþá er of ungt og fellir hugi saman og vonast til að mega giftast. En maðurinn með amorshjartað var eftir sig að endurhæfingunni lokinni. Hann gat ekki lengur tjáð ást sína með fínlegum pensildráttum. Í honum þjó ekki lengur elskhugi. Núna sat hann við lítið borð og teiknaði andartök af kaffihúsinu, lét hugann reika til árána þegar allt var fram undan. Hann langaði að teikna augnablikið þegar þau hittust.

Hann lygndi aftur augunum og hlustaði eftir veiku tifi í óreglulegum hjartslætti.

Galdur

Vorið er í okkur.

Við

sjáum allt skýrt.

Liggjum í ríki Guðs.

Sá sem ekki elskar

þekkir ekki Guð því

að Guð er kærleikur.

Þetta sem er á milli
okkar
er andartak í nautn.

Við vitum af hvort
öðru.

Eins og tíminn verði
villtur í sólskininu.

Eitt eilíft augnablik.

Fellur hugur, fallast hendur V

Að velta fyrir sér sínu lífi (komum eftir augnablik)

frábært	ennþá	saknaði
hugtak	betri	vöðvana
sorglegt	brögð	upphafið
bæði	árátta	fann
kynin	ég	lyktina

Kærleikur

Kysstu mig kossi vara þinna.

Hvítigaldur.

Þú segist hlakka til að sjá
mig. Að þú værir til í

að bragða aðeins á mér.

*

Stjarnlausar nætur.

Við höfum nú þegar þekkt
í þúsund ár,
en erum samt rétt að byrja.

Þú segist hlakka til að sjá
mig og kannski stela kossi.

Þú
finnur fyrir mér inni í þér.

*

Rauðgulur.

Draumurinn dregur
okkur til sín.

3. KÆFLI

Áðan II

Ég og þú
vorum fædd til að kynnast,
þekkjast og njótast.

Allt er orka.

Áðan
baðstu mig að segja
eitthvað fallegt um ástina.

Látum laugast í tærri lind.

Orðin hefja mig til flugs.

Því að ég hef gæsku þína fyrir
augum og geng í trausti til þín.

Augnablikið

Ég vaknaði um miðja nótt.
Mér hafði eins og oft áður
flogið eitthvað ódauðlegt í hug
sem ég vildi færa í orð
til að tjá ást mína á þér.

Á slíku augnabliki þreifa ég oft
í myrkrinu eftir blaði og penna
til þess að festa hið óskrifada orð
í votan sandinn sem teygir sig
til úthafsins.

Þá hendir það kannski að svefninn
dregur mig ósyndan út í bládyppið
og þegar mér skolar til baka
undir morgun eru orðin horfin
eins og þytur úr gleymdum draumi.

En ást felst ekki í dauðlegum orðum
heldur í hinni kerfisbundnu leit að þeim
til marks um að ég er aldrei án þín
þú ert aldrei alein – allt sem er
og verður

er augnablikið, eilífðin og við.

Merlar

Jörðin eins og hún var.

Nóttin áður en dagur rann upp.

Skreytt beykilaufi og marglitum
böndum.

Á því andartaki sem minningu
er varpað í hafið

merlar á fyrirheit um nýja von
og varanlega þrá.

Dögun

Ný spor.

Ást er sjálfsþekking.
Haf í dropa. Hugsun
og veruleiki.

Kennir manni að gefa
og gerir kleift að þiggja.

*

Stormurinn sækur húsið.

Þú ert elskuð af mér.

Ég

passaði upp á þig í nótt.

Við komumst í gegn.

*

Skjólíð, ég og þú.
Það er ástin ódauðlega.

Og óendanlega.

Fellur hugur, fallast hendur VI

Að gráta og syrgja og vera reið (eða að koma upp á milli)

augun	takk	getum	mamma
tveir	djúpir	verið	væmin
út	brunnar	talaði	nætturnar
í	gegn	frá	hjartanu

Alkól af alkóhóli

Ég elska þig eins og sólina.

Í landi hinna ófleygu fugla
erum við frjáls í sannleika.

Nú sefur fólkið úr þorpinu
mínu. Nóttin er fugl í búi.

Ég heyri rödd úr æðra heimi.
Við fljúgum á brott undan

alkóli hugans. Höldum í átt
að tengingunni, uppsprettu
heims allra hluta.

Engillinn

Andartakspögn.

Vitundin líður út um höfin,
þangað sem sköpunin dvelur.

Ég vil hvergi annars staðar vera
en með þér.

Utan úr myrkrinu heyrir rödd
sem þylur ævintýrin úr æsku.

Þau hinu sömu og við lásum –
og lesum fyrir börnin okkar.

*

Tveimur áratugum eftir að andar
okkar sameinuðust á ný, þá lendir

engillinn okkar.

Andi II

Tómarúmið.

Þegar alls staðar verður jafnkalt,

þegar ásýnd allrar reynslu

verður ein og hin sama

– því *Déjà vu* er bara geðkvilli –

þá hættir tíminn að vera til.

*

Stjörnusólin.

Allt er hrörnun.

Frá skipulagi til óreiðu.

Ég laðast að ljósinu

sem vargur

að hinu varanlega eina.

*

Tímarýmið.

Ferðalag hugans er hafið.

Þú hefur beðið í þúsund ár.

Þegar hlydýpið hörfar

koma utan úr myrkrinu stjörf augu

hins stundlega dauða.

Eilífðir hverfa á braut.

Helgrímur hopa,
hrynja úr endanleikanum.

Þegar við göngum í náttúrunni
göngum við í ríki Guðs.

Við

Í leikritum þrá allar persónur eitthvað.

Við höfum þekkt í þúsund ár,
þú settir blóð út í teið mitt.
Í landi minninganna er eilíft myrkur.

Þú hefur beðið mín.

*

Þegar ég dvel í þér,
þegar ég er inni í þér,
þá er ég ósigrandi.

Og ég sé í augum þínum
sannleikann, frá sjónarhorni
eilífdarinnar.

Ást

Dæi ég núna,
þá dæi ég hamingjusamur.

Tvær sekúndur í eilífðinni.

Inn í hina
endalausú nótt.

Alla leið.

*

Vektu mig.

Við vitum að við höfum óskað okkur
alls þessa.

Veröld

Frá árinu níutíu og fjögur
hef ég leitað þín í ljóði.

Fyrst sást þú mig í draumi.
Breimandi ástareldur.

Það var þá sem ég urraði
eins og ódáinsgreppur.

Þá er augu mín trylltu þig,
læstu sig um sál þína.

*

Seiðkonan mín, viðkvæma smástelpan,
volduga norn!

Í skugganum í kvöld verða engar
myrkar verur,

engar hvíslandi raddir,
ekkert nema við.

*

Þegar við að lokum lyftumst upp
tvö saman, munu smástirni hrapa í
ósýnileikanum,

úr veröld sem rignir okkur
himneskri símfóníu.

